

## 66. FUNDUR

Skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 9. febrúar, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins .

Mætt voru: Gétar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

### DAGSKRÁ

1. Birna Sævarsdóttir og Guðmundur Kristinsson sækja um að byggja einbýlishús á tveimur hæðum að Hjallatanga 11, samkvæmt teikningum Brynjars Daníelssonar frá okt. 04 . Samtals 186.4 m<sup>2</sup>, 582.7 m<sup>3</sup>.  
*Guðmundur Kristinsson vék af fundi undir lið 1.  
Erindi samþykkt með fyrirvara um breytingu á hæðarkóta húss og tilfærslu þess á byggingarreit. Leyfirgjald kr.....*
2. Lögð fram byggingarnefndarteikning frá Ísleifi Jónssyni og Sigurbjörgu Jóhannsdóttur um að byggja sólstofu að Árnatúni 9 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK jan. 2005. Samtals 15.2 m<sup>2</sup> og 44.6 m<sup>3</sup>.  
*Erindi var samþykkt. Leyfisgjald kr.....*
3. Fyrirspurn frá Þóri Thorlacius um að byggja einbýlishús að Hjallatanga 24 samkvæmt tillöguteikningum frá Bjálkahúsum ehf.  
*Nefndin tekur jákvætt í erindið með fyrirvara um að aðalmænisstefna verði í samræmi við skipulag.*
4. Sótt er um leyfi til að breyta hæðarkótum á einbýlishúsi að Hjallatanga 34. Samtals 223.1 m<sup>2</sup> og 868.2 m<sup>3</sup>.  
*Erindi var samþykkt. Leyfisgjald kr....*
5. Erindi um lóðarumsóknir við Reitarveg . Vísað af bæjarráði til skoðunar.  
*5.a. Umsókn Erlars Kristjánssonar um að byggja á Reitarvegi 6a samkvæmt tillöguteikningum.  
Samþykkt að grenndarkynna fyrir íbúum að Reitarvegi 2 , 4 og 6, þegar að byggingarleyfisumsókn berst.  
5b. Umsókn Óla Jón Gunnarssonar um lóð við Reitarveg.  
Erindi verður skoðað með tilliti til lóðarréttinda við Reitarveg.*
6. Lagt fram bréf frá Einari Karlssyni vegna skipulags við Aðalgötu. Bréfi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.

*Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að byggt sé á reitum M og N. Rétt er samkvæmt athugasemdum frá bréfitara að gera þurfi ráðstafanir á lögnum sem liggja undir byggingarreitum.*

7. Frágangur á svæði sunnan við Lágholt 23 og 25.  
*Lagt er til að gengið verði frá botngötu neðan við Lágholt 23 og 25.*
8. Hergarð Jensen sækir um að breyta gluggum á húsi við Skólastíg 10 í upprunalegt horf ásamt að klæða hús með málaðri vatnslæðingu.  
*Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki Húsfriðunarnefndar. Leyfisgjald kr. 3000.-*
9. Breyting á deiliskipulagi af miðbæ Stykkishólms unna af Bæring Bjarnari Jónssyni fyrir Stykkishólmsbæ 31.01.05.  
*Samþykkt að auglýsa tillöguna.*
10. Deiliskipulagstillaga lögð fram að leikskóla og parhúsum við Tjarnarás unna af teiknistofunni Arkís dags. 9. 02.05.  
*Samþykkt að auglýsa tillöguna.*
11. Önnur mál.
  - A) Breyting á Aðalskipulagi: Íbúðarsvæði við Aðalgötu breytt í miðbæjarsvæði. Íbúðarsvæði við Tjarnarmýri breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir. Tillaga lögð fram. Tillaga unnin af Bæring Bjarnari Jónssyni dags. 31.01.05  
*Samþykkt að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.*
  - B) Bárður Eypórsson sækir um að hækka hluta af þaki og breyta útliti húss að Lágholti 1.  
*Gretar D. Pálsson sat hjá undir lið 11.b. Erindi samþykkt. Leyfisgjald kr. 3000.-*
  - C) Bílastæðamál við Höfðagötu 27-29.  
*Nefndin hafnar því að skiki fyrir framan Höfðagötu 27-29 verði skipulagður undir bílastæði þar sem hann liggur við gatnamót Höfðagötu og Skólastígs.*

Fleira var ekki rætt.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Þorbergur Bæringsson (sign)

Þorgrímur Kristinsson (sign)

Guðmundur Kristinsson (sign)

Gretar D. Pálsson (sign)

Dagný Þórisdóttir (sign)

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

